

Ed.

412. Frumvarp

til laga um vatnssölu í kaupstöðum.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Hvervetna þar, er bæjarstjórn hefir lagt vatnsveitu í þípum, til afnota fyrir kaupstað, skal hún hafa einkarjett til vatnssölu á því svæði, er vatnsveitunni er ætlað að ná yfir, og eins á höfn kaupstaðarins, innan takmarka hennar eins og þau nú eru og síðar kunna að verða sett. Vatnið selst eftir taxa, er bæjarstjórn semur og Stjórnarráðið samþykkir.

2. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum alt að 200 krónum. Auk þess skal sá, er vatn selur ólöglega, greiða kaupstaðnum endurgjald það, er hann hefir fengið fyrir ólöglega selt vatn.

3. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem með almenn lögreglumál.